



Golfklúbbur Reykjavíkur

Leikhraða reglur

1. Hámarkstími fyrir hvert högg er 40 sekúndur:

- 10 sekúndur til viðbótar eru heimilaðar fyrir fyrsta leikmann til að leika: teighögg á par 3 holu, innáhögg á flöt, eða pútt.
- Tímamæling mun hefjast þegar leikmanninum hefur gefist nægur tími til að komast að bolta sínum, komið er að leikmanninum að leika og hann er fær um að leika án truflana. Tími til að ákvarða fjarlægðir og að velja kylfu er innifalinn í tímanum fyrir næsta högg.
- Á flötinni mun tímamæling hefjast þegar leikmaðurinn hefur fengið eðlilegan tíma til að lyfta bolta sínum, hreinsa hann og leggja hann aftur, lagfæra skemmdir sem trufla leiklínu hans og að fjarlægja lausung í leiklínunni. Tími við að skoða leiklínuna aftan við holuna telst hluti tímans fyrir næsta högg.
- Þegar spilað er stableford punkta keppni, eða högggleikskeppni með hámarksskori, verða kyflingar að taka upp kúluna, þegar punktar eru búnir eða búið er að ná hámarks höggafjölda, á viðkomandi holu.
- Mikilvægt er að ganga rösklega á milli högga.
- Þegar komið er á teig og ef braut er auð, þá er mikilvægt að sá sem á teiginn, slái sitt högg strax og skrifar svo inná skorkortið, þannig sparast mikilvægar sekúndur á hverri holu.
- Hver tímamæling hefst þegar dómari ákveður að komið er að leikmanni að leika og hann getur leikið án truflana.

Víti fyrir brot á reglu:

- Víti fyrir fyrsta brot: Munnleg aðvörðun dómara/eftirlitsmanns.
- Víti fyrir annað brot: Eitt vítahögg.
- Víti fyrir þriðja brot: Almennt víti sem beitt er til viðbótar víti fyrir annað brot.
- Víti fyrir fjórða brot: Frávísun.

2. Hámarks tími að leika umferð

- Ef ráshópur lýkur 18 holum meira en einu rástímabili á eftir ráshópnum á undan og á meira en á Korpunni 4:20 og Grafarholti 4:10 frá sínum rástíma, fá allir leikmenn í ráshópnum eitt högg í víti, eða ef um stableford punkta keppni er að ræða, frádreginn 1 punkt frá heildar skori.
- Hámarks leyfilegur tími er hámarkstími sem nefndin telur nauðsynlegan fyrir ráshópa að ljúka umferðinni. Þessum tíma er lýst sem tíma fyrir hverja holu og uppsöfnuðum tíma og felur í sér allan tíma sem það tekur að leika, til dæmis vegna úrskurða og göngu á milli hola.

3. Tímamæling

- Dómarar munu fylgjast með leikhraða og ákveða hvort ráshópur sem er „úr stöðu“ skuli tímamældur. Metið verður hvort einhverjar nýlegar kringumstæður réttlæti töfina, svo sem tímafrekur úrskurður, týndur bolti, ósláanlegur bolti o.s.frv.
- Ef ákveðið er að tímamæla leikmennina geta allir leikmenn í ráshópnum átt von á að vera tímamældir.
- Skilgreining á „úr stöðu“: Fyrsti ráshópur telst vera „úr stöðu“ ef samtals leiktími hans, einhvern tíma á meðan umferðin er leikin, er meiri en leyft er fyrir holurnar sem hann hefur leikið. Aðrir ráshópar á eftir teljast úr stöðu ef þeir eru meira en einu rástímabili á eftir ráshópnum á undan og hafa leikið lengur en leyft er fyrir holurnar sem hann hefur leikið.

4. Mikilvægt er að ráshópar sem spila hægar en ráshópurinn fyrir aftan, hleypi hraðari hópum fram úr.

5. Verði menn brotlegir við almennan leik (ekki í formlegu opnu móti) á þessum reglum getur eftirlitmaður óskað eftir því að leikmenn hætti leik á viðkomandi holu og fari beint á næsta teig.